



# RETINA RISK

BYLTINGARKENNT SMÁFORRIT  
FYRIR FÓLK MEÐ SYKURSÝKI

RetinaRisk smáforritið er einstök og byltingarkennd tækninýjung sem gerir fólki með sykursýki kleift að fylgjast með einstaklingsbundinni áhættu sinni á að þróa með sér augnsjúkdóma sem leitt geta til sjónskerðingar og jafnvel blindu. Reiknivélin er hönnuð af íslensku fyrirtæki sem stofnað var af íslenskum fræðimönnum og heilbrigðisstarfsfólki, með yfir 30 ára reynslu í skimun á augnsjúkdómum og meðhöndlun á sykursýki.

Sykursýki er alheimsfaraldur en tíðni sjúkdómsins hefur þrefaldast frá aldamótum. Í dag er talið að um **463 milljónir** manna um heim allan séu með sykursýki og er gert ráð fyrir að sá fjöldi fari yfir **700 milljónir árið 2045**. Augnsjúkdómar af völdum sykursýki eru í mörgum löndum algengasta orsök sjóntaps hjá fólki á vinnualdri og næst algengasta orsök blindu. Tveir þriðju hluti fólks með sykursýki þróa með sér augnsjúkdóma og er þriðjungur þessa hóps í mikilli hættu á sjónskerðingu eða jafnvel blindu ef þau eru ekki greind og meðhöndluð tímanlega.

Lýðheilsunálgun með reglulegri augnskimun og fyrirbyggjandi lasermeðferð sannaði gildi sitt fyrst á Íslandi og hefur breiðst til annarra landa. RetinaRisk gerir fólki með sykursýki kleift að meta í rauntíma einstaklingsbundna áhættu sína á að fá sjónskerðandi augnsjúkdóma, byggt á áhættuþáttum hvers einstaklings, og að fylgjast með framgangi sjúkdómsins. Smáforritið hefur að geyma **ítarlegar leiðbeiningar og gagnlegar upplýsingar um sykursýki, sykursýkisaugnsjúkdóma sem og leiðbeiningar um sjálfsumönnun**. Smáforritið gerir þannig fólki með sykursýki betur kleift að skilja ástand sitt, auka heilsulæsi og verða virkir þátttakendur í eigin heilsugæslu.

RetinaRisk styður sjálfsefningu einstaklingsins með því að gera hann meðvitaðri um eigin áhættu á augnsjúkdómum tengdum sykursýki sem og mikilvægi reglulegrar augnaskimunar og tímanlegrar lækni skoðunar. Það hvetur fólk með sykursýki til að verða ábyrgari og betur upplýstir sjúklingar. Smáforritið sýnir á skýran og auðskiljanlegan hátt hvernig betri stjórnun á áhættuþáttum, t.d. blóðsykri (HbA1c) og blóðþrýstingi, getur dregið úr áhættu á sjónskerðandi augnsjúkdómum vegna sykursýki.



RetinaRisk áhættureiknirinn var þróaður á grunni víðtækra alþjóðlegra rannsókna á áhættuþáttum sem vitað er að hafa áhrif á framvindu sykursýki, t.d. árafjölda með sykursýki, kyn, blóðþrýstings- og blóðsykursgildi. Yfir **20.000 einstaklingar, bæði á Íslandi og erlendis, tóku þátt í rannsóknunum og hafa niðurstöðurnar verið birtar í virtum læknatímaritum um heim allan.**

RetinaRisk smáforritið er fánlegt **gjaldfrítt** bæði fyrir iOS og Android



RETINA RISK



WWW.RETINARISK.COM



RetinaRisk fær hæstu einkunn á ORCHA í Englandi